



Þingeyjarsveit

Erindisbréf Atvinnumálanefndar

Nefndin starfi á sviði atvinnu-, landbúnaðar- og fasteignamála. Nefndin fjalli um málefni landbúnaðarins þar með talið eyðingu vargs og samgöngur. Nefndin fjalli enn fremur um fasteignir í eigu sveitarfélagsins, kaup, viðhald, nýbyggingar o.fl.

Nefndin fjalli um framangreinda málaflokka samkv. lögum um búfjárhald nr. 38/2013, um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. nr. 6/1986 og fjallskilasamþykkt fyrir Suður-Þingeyjarsýslu austan Vaðlaheiðar frá 1996, um skógrækt nr. 3/1955, um landgræðslu nr. 17/1965 og samgöngur sbr. vegalög nr. 80/2007. Nefndin hafi umsjón með refa- og minkaeyðingu skv. reglugerð nr. 437/1995 og girðingalögum nr. 135/2001 og um nýtingu jarðnæðis skv. jarðarlögum nr. 81/2004.

Hlutverk nefndarinnar er:

I

Að vera sveitarstjórn til ráðgjafar um þau málefni sem undir nefndina heyra. Einnig að stuðla ávallt að frjórri umræðu og hafa frumkvæði að markvissu starfi í viðkomandi málaflokkum og samstarfi við þá aðila sem starfa á sama sviði.

II

Að hafa yfirumsjón með skipulagi og framkvæmd refa- og minkaeyðingu, forðagæslu og búfjárhaldi, hafa yfirumsjón með fjallskilamálum og stuðla að samráði milli fjallskiladeilda.

III

Að stuðla að bættum samgöngum innan sveitarfélagsins og gera tillögur um úrbætur og viðhald á heimreiðum, afréttarvegum og reiðleiðum. Að gera tillögur að skipulagi snjósmoksturs í sveitarfélaginu.

IV

Að hlúa að og efla þá atvinnustarfsemi og nýsköpunarhugmyndir sem til staðar eru innan vébanda sveitarfélagsins á hverjum tíma sem og að stuðla að virku samstarfi sveitarfélagsins við atvinnuþróunarfélög og önnur hagsmunasamtök á svæðinu um markvissa uppbyggingu fjölbreyttra atvinnutækifæra.

V

Nefndin hafi ráðgefandi hlutverk og eftir atvikum frumkvæði að gerð tillagna um nýbyggingar, kaup, sölu og rekstrarfyrirkomulagi fasteigna.

VI

Að gera árlega fyrir lok októbermánaðar tillögu til sveitarstjórnar vegna undirbúnings fjárhagsáætlunar komandi árs, um forgangsröðun fjárveitinga til skilgreindra viðfangsefna, s.s. styrkveitinga eða fyrirhugaðra fjárfestinga á þeim sviðum sem undir nefndina heyra.

VII

Að starfa og hafa frumkvæði að margvíslegum málefnum sem snerta starfssvið nefndarinnar með hliðsjón af lögum og reglum sem við eiga hverju sinni.

29.september 2014